

Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Tímabil 1. júlí - 30. september

Með orðsendingu þessari er vakin athygli á reglum um staðgreiðslu og rafrænum skilum á skatti af fjármagnstekjum árið 2010

Fjármagnstekjuskattur er 18% frá 1. janúar 2010.

Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

Athygli er vakin á breyttum reglum um skattalega meðferð á úthlutuðum arði sem fer umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags í lok viðmiðunartímans til þeirra sem skylt er að reikna sér endurgjald vegna starfa í þágu félagsins.

Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum, þ.m.t. innleystur gengishagnaður á staðgreiðslu-ári og áfallinn gengishagnaður í árslok af reikningum í innlánsstofnunum, og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Skiladagur

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á þriðja ársfjórðungi 2010 er 20. okt. en eindagi er 4. nóvember.

Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga.

Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti

Nú er hægt að gera skil á fjármagnstekjuskatti á rafrænan hátt. Farið er á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, með kennitölu og aðallykli eða skilalykli. Síðan er valið vefskil > staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts og opnast þá form útfyllingar. Fylgja þarf leiðbeiningum til enda og verður þá til krafa í heimabanka gjaldanda.

Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs og vaxtatekna á tímabilinu skal gera grein fyrir því.

Peir sem ekki skila rafrænt

Á rsk.is er hægt að nálgast skilagrein til að skila fjármagnstekjuskatti. Eyðublaðið heitir RSK 5.19.

Útfylling skilagreinar (gíróseðils)

Fjárhæð staðgreiðslu er færð í tvennu lagi; annars vegar staðgreiðsla af arði og hins vegar staðgreiðsla af vöxtum. Auk þess skal ávallt fylla út samtölureitinn í efstu línunni.

Hafi engin staðgreiðsla verið innheimt af vaxtatekjum eða arði á tímabilinu, skal gera grein fyrir því með því að setja núll í fjárhæðareitina en X í þar til gerða reiti fyrir neðan.

Þessari skilagreinin þarf að skila til innheimtumanns ríkissjóðs ásamt greiðslu.

Næsti skiladagur

Næsti gjalddagi er 20. janúar 2011 vegna tekna á ársfjórðungnum okt.-des og eindagi 4. feb. 2011.

Vanskil

Ef skilaskyldur aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagreinin rafrænt eða á pappír innan tilskilinna tímamarka skal ríkisskattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð.

Nánari upplýsingar veitir ríkisskattstjóri í síma 563-1100 og skattstofur um land allt.